

Til bæjarstjóra

Efni: Fyrirspurn vegna athugasemda við útboð á vinnu iðnaðarmanna

Í bréfi sem sent var á bæjarstjórn og bæjarráð þann 19. apríl koma fram alvarlegar athugasemdir við framkomu starfsmanns Garðabæjar. Þar er gerð athugasemd við fjölskyldutengsl á milli hans og verktaka sem séð hefur um málningarvinnu fyrir bæinn síðan 2018. Einnig kemur fram að árið 2018 hafi skyndilega verktaka sem unnið hafði málningarvinnu fyrir bæinn í um 30 ár verið gert að taka poka sinn og nýr verktaki tekið við. Strax á vordögum 2019 gerði fulltrúi Garðabæjarlistans athugasemdir við málið í Bæjarráði og benti á að þarna væru möguleg fjölskyldutengsl á milli þess um úthlutar verkum og þess sem er að fá verk, þrátt fyrir það benda gögn til þess að sá verktaki sé búinn að sitja einn að allri málningarvinnu hjá bænum eftir að ábending um fjölskyldutengsl kom fram, þar af leiðandi er nauðsynlegt að fá svör við eftirfarandi spurningar.

1. Hvernig var brugðist við eftir að athugasemdir fulltrúa Garðabæjarlistans komu fram í bæjarráði vorið 2019?
2. Hefur endurskoðendum Garðabæjar verið gert viðvart um fjölskyldutengsl milli þess sem úthlutar verkum og verktaka? Hvernig hafa endurskoðendur brugðist við þeim athugasemdum?
3. Í bréfinu er talað um að skyndilega eftir ca. 30 ára vinnu hjá bænum hafi borist kvartanir vegna vinnu verktaka sem sinnti málningarvinnu til 2018. Hvenær komu þær kvartanir fram og hverjar voru þær? Óskað er eftir afriti af þeim kvörtunum.
4. Óskað er eftir sundurliðun á fjölda verktaka sem unnið hafa að málningarvinnu fyrir Garðabæ síðustu fjögur ár og á hvaða einingarverðum hefur sú vinna verið unnin?
5. Hversu margir verktakar vinna smíðavinnu án útboðs fyrir Garðabæ?
Hversu margir verktakar vinna rafvirkjun án útboðs fyrir Garðabæ?
Hversu margir verktakar sinna pípulagningavinnu án útboðs fyrir Garðabæ?
6. Hversu margir verktakar hafa óskað eftir að vinna málningarvinnu fyrir Garðabæ og skilað inn einingarverðum síðustu fjögur ár og á hvað einingarverðum voru þeir verktakar tilbúnir til að vinna á?
7. Hversu mikið hefur verið eytt í málningarvinnu án útboðs síðustu fjögur ár(óskað eftir sundurliðun á milli ára)?
8. Óskað er eftir afriti af öllum reikningum sem umræddur verktaki hefur unnið fyrir Garðabæ.